



Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 2. júní 2010 á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal.

Fundur settur kl. 20:00

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingarfulltrúi
Jón Kerúlf	varamaður nefndar
Helga Vigfúsdóttir	varamaður nefndar

Varðar: Byggingarleyfisumsókn fyrir glerstofu við Gunnarshús að Skriðuklaustri

Byggingarfulltrúa barst til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi ásamt aðaluppdráttum fyrir byggingu á glerstofu undir svölum við íbúðarhús sem Gunnar Gunnarson reisti á Skriðuklaustri. Umsókn um byggingarleyfi er undirritað af Skúla Birni Gunnarssyni kt. 240370-3799 forstöðumanni Gunnarsstofnunnar kt. 451099-2569 dagsett þann 7. maí 2010. Aðaluppdrættir eru merktir „Skriðuklaustur – Sólstofa“ og er unnir af Arkitektþjónustu Austurlands sf. kt. 510903-3150 undirritaðir af Birni Kristleifssyni kt. 011246-3039 arkitekt FAÍ dagsett þann 17. maí 2010.

Um er að ræða glerstofu á einni hæð. Glerstofan er hugsuð sem létt gestamóttaka í framhaldi af eldhúsi Skriðuklausturs. Burðarvirki veggja og þaks verður úr timbri. Aðalburður núverandi svaladekks eru 100x200 mm timburdregarar c/c 2040 mm. Þvert undir dregarana eru festir 100x150 mm timburbitar. Neðan í þessa bita hangir glerstofan. Í þakinu eru 2 stk 12 mm krossviðarplötur skrúfaðar og kíttaðar saman með 70x45 mm listum. Halli þaks er 1:100. Gólfefnið í glerstofunni eru steiptar hellur á sandundirlagi. Sökkklar hússins verða byggðir úr U laga frístandandi timburgrind á u.þ.b. 0,3 m dýpi frá jarðyfirborði svo að veggja- og gluggaeiningar hafi möguleika á lóðréttri hreyfingu. Ekki gert ráð fyrir að byggingin verði jarðfest að verulegu ráði svo hægt sé að fjarlægja glerstofuna með lítilli fyrirhöfn. Gluggar og hurðapóstar eru smíðaðir úr 50x150 timbri. Gluggar og hurðapóstar inn í eldhúsið verða smíðaðir sem næst því að vera eins og núverandi gluggar hússins. Brúttóflatamál nýbyggingarinnar er 24,5 m² og brúttórúmmál 64,5 m³. Salarhæð byggingarinnar er um 2,64 m.

Byggingarnefnd vill benda á að ekki er gert ráð fyrir öryggisglери eða annari ráðstöfun varðandi öryggi í glerskálanum samkv. teikningum. Nefndin lýsir áhyggjum sínum og mælir með málið verði skoðað nánar með tilliti til öryggis. Byggingarnefnd samþykkir málið að sínu leyti.

JEK
EJK
HHV
JTF



Varðar: Byggingarleyfisumsókn fyrir bílskúr í Víðivallagerði

Byggingarfulltrúa barst til afgreiðslu aðaluppdrættir af bílskúr í landi Víðivallagerðis í Fljótsdal. Umsækjandinn Þorsteinn Maack Pétursson eigandi sótti um byggingarleyfi árið 2005 en ákvað á þeim tímapunkti að hefja ekki framkvæmdir og rann því byggingarleyfið út. Hann ætlar sér nú að hefja framkvæmdir að nýju. Aðaluppdrættir eru merktir „Bílskúr við Víðivallagerði í Fljótsdal“ og eru unnir af Arkitektapjónustu Austurlands kt. 510903-3150 og undirritaðir af Birni Kristleifssyni kt. 011246-3009 arkitekt FAÍ. Dagsetning undirritunar er júní 2005.

Um er að ræða bílskúr úr timurgrind á steiptum undirstöðum. Timburgrind í veggjum og þaki er 50x150 mm fyllt með steinull. Burðargrind undir þaki er úr stáli 70x140 mm I bitar. Byggingin er plötuklædd að utan og bárumálmur í þakklæðningu. Gluggar eru með tvöföldu einagrunargleri. Gólfefni inni eru leirflísar. Riðfrítt stál er á veggjum og í lofti.

Athugasemdir byggingarnefndar varðandi málið:

1. Einungis eitt sett af aðaluppdráttum bærust til byggingarfulltrúa. Þau skulu vera þrjú.
2. Skráningartafla er ekki á rafrænu formi.
3. Ekki liggur fyrir byggingarleyfisumsókn varðandi framkvæmdir.
4. Brúttóflatamáli botnflatar, á aðaluppdrætti frá 2005 og burðarþolsteikningu frá 20/3 2010, ber ekki saman. Byggingarnefnd mælir með því að aðaluppdráttur verði uppfærður.

Byggingarnefnd getur ekki samþykkt málið að sínu leiti að svo stöddu en samþykkir málið að öðru leiti. Ef fyrirnefnd gögn berast til byggingarfulltrúa á næstunni vikum ásamt uppfærðum uppdrætti þarf ekki að kalla saman byggingarnefnd varðandi málið og getur byggingarfulltrúi þar með klárað málið.

Varðar: Byggingarleyfisumsókn fyrir glerkúlu við sumarhús í Víðivallaskógi

Byggingarfulltrúa barst til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi ásamt aðaluppdráttum fyrir byggingu á glerkúlu ásamt stækkun á sólpalli og uppsetningu á heitum potti.

Umsókn um byggingarleyfi er undirritað af Ósk Bragadóttur, eiganda sumarhússins númer 9 til heimilis að Skólavegi 92a, 750 Fáskrúðsfirði. Sumarhúsið er staðsett í Víðivallaskógi í landi Víðivalla Ytri 1 í Fljótsdal. Aðaluppdrættir eru merktir „Sumarhús, lóð númer 9 – Víðivellir Ytri“ og eru unnir af Teiknihorni ehf. og undirritaðir af Vali Sveinssyni kt. 160867-3969 dagsett þann 13. maí 2010.

Um er að ræða glerkúlu yfir heitan pott á sólpalli. Glerkúlan er í tveimur hlutum, rúmlega 1/3 hluti hennar opnast þegar hurð er rennt aftur fyrir hinn helming kúlunnar. Báðir hlutar hennar eru á braut svo hægt er einnig að snúa kúlunni þannig að hafa megi af henni skjól. Kúlan er byggð upp með álprófilum og með 4 mm glæru plasti á milli prófíla. Þvermál kúlunnar er 5 m. Grunnflatarmál hennar er 19,6 m² og heildarhæðin er 2,3 m.

Einnig er fyrirhugað að stækka sólpall og er uppbygging hans í samræmi við eldri pall hússins. Heitur pottur verður rafmagnskyntur og er þvermál hans 2 m.

JEK
ESK
HNV
ZVP



Athugasemdir byggingarnefndar varðandi málið:

1. Vantar Skráningartöflu á rafrænu formi

Byggingarnefnd getur ekki samþykkt málið að sínu leiti að svo stöddu en samþykkir málið að öðru leiti. Ef rafræn skráningartafla berast til byggingarfulltrúa á næstunni vikum þarf ekki að kalla saman byggingarnefnd og getur byggingarfulltrúi þar með klárað málið.

Varðar: Fjarskiptahús á Grjótárhjúk, syðri.

Byggingarnefnd barst til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi á fjarskiptamastri ásamt 4 m² húsi á Grjótárhjúk syðri frá Þórhalli Ólafssyni framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar. Neyðarlínan, 112, er að setja upp landsdekkandi neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi Tetra. Verkefnið er unnið í samvinnu við björgunarsveitir, lögreglu og aðra viðbragðsaðila á landinu. Það hefur komið fram ósk um að settur verði sendir á Grjótárhjúk syðri í samvinnu við Landsvirkjun, Vodafone og Símann. Með þessari staðsetningu sendis næst gríðarlega góð dekkun fyrir alla aðila sem nota kerfið bæði viðbragðsaðila og aðra sem þurfa á neyðar-fjarskiptabúnaði að halda. Rafmagn verður tekið í jarðstreng frá Ufsastíflu. Verið er að undirbúa verkið og er óskað eftir leyfi fyrir að setja niður hús sem er 2,2m x 2,2m að flatarmáli og 2 m að hæð. Húsið verður að hluta grafið í hlíðina sem snýr í austur til að þau sjáist sem minnst. Auk þess verður sett járnmastur með loftnetum. Síminn og Vodafone munu setja GSM sendi á sama stað til að þjóna almenningi sem er á svæðinu. Meðfylgjandi eru teikningar og önnur fylgiskjöl. Neyðarlínan óskar eftir leyfi til að setja upp ofangreindan neyðar- og öryggisfjarskiptasendi.

Byggingarnefnd lýst vel á staðsetninguna og álitur verkefnið ganglegt en hefur þó nokkrar athugasemdir varðandi verkefnið:

1. Nefndin myndi gjarnan vilja sjá hvernig festa á mastrinu í jörð.
2. Áætluð hæð masturs og uppbygging

Byggingarnefnd getur ekki samþykkt málið að sínu leiti að svo stöddu en samþykkir málið að öðru leiti. Ef fyrirnefnd gögn berast til byggingarfulltrúa á næstunni þarf ekki að kalla saman byggingarnefnd á ný og getur byggingarfulltrúi þar með klárað málið.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 23:45

Helga A. Disfeyid
Eiríkur Þ. Gunnarsson
Jón Þ. Gunnarsson
Ulfa T. P.